

Mánudaginn 9. nóvember 1959.

Nr. 95/1959. Þorsteinn Ásgeirsson

(Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómarmennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór
B. Lindal.

Slysabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí þ. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 56.997,20 ásamt 6% árs-vöxtum frá 14. nóvember 1957 til greiðsludags og máls-kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. júní þ. á. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann staðfestingar héraðsdóms og máls-kostnaðar hér fyrir dómi.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, lét vinnuveit-andi sá, sem aðaláfrýjandi vann hjá, leggja staur í húsa-sund, sem verkamenn hans voru vanir að ganga um til mat-skála, þegar svo bar undir, að bifreiðar, sem óku þeim til matstaðar, stöðvuðust þeim megin skálans. Var staurinn lagður í húsasundið, án þess að hann væri litaður þannig, að hann væri auðgreindur frá jarðveginum. Húsasundið var óupplýst, og ekki virðist verkamönnum hafa verið skýrt frá farartálma þessum. Atvinnuveitandinn vanrækti að tilkynna öryggiseftirlitsstjórn um slysið, svo sem boðið er í 26. gr. laga nr. 23/1952, og varð rannsókn á orsökum slyssins því ekki eins rækileg og þurft hefði að vera. Fallast má á það með héraðsdómara, að nokkuð hafi skort á tilhlýðilega að-

gæzlu bæði af hendi vinnuveitanda og aðaláfrýjanda. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til atvikalýsingar í héraðsdómi þykir rétt, að gagnáfrýjandi bæti aðaláfrýjanda tjón hans að hálfu. Staðfesta má ákvörðun héraðsdómara um fjárhæðir einstakra kröfuliða. Ber gagnáfrýjanda samkvæmt því að greiða aðaláfrýjanda kr. 18.000,00 ásamt vöxtum eins og krafizt er og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 6.000,00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Þorsteini Ásgeirssyni, kr. 18.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6.000,00.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara og Theodórs B. Línðals prófessors.

Aðaláfrýjandi var starfsmaður varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Mötuneyti starfsmanna varnarliðsins var í stórum timburskála á vellinum. Aðaláfrýjandi hafði komið með vinnufélögum sínum í herflutningabifreið að bakhlið skálans, þá er slysið varð. Eigi var venjulegt, að bifreiðar, sem fólk fluttu, staðnæmdust við bakhlið skálans, enda lá upplýst leið hinum megin að aðaldyrum hans, og var augsýnilega til þess ætlazt, að þeim megin væri gengið inn í skálann. Er þeir höfðu farið úr bifreiðinni, stytstu þeir sér leið gegnum sund, er var milli útbyggingar úr matskalanum og annars skála, litils. Engin lýsing var í sundinu né við bakhlið skálans. Talið er, að sund þetta hafi verið 3—4 m breitt, og hafði planki verið lagður þvert yfir sundið til að gefa bifreiðarstjórum til kynna, að þeir skyldu eigi aka um sundið. Aðaláfrýjandi var 69 ára gamall og notaði gleraugu. Var því ríkt tilefni fyrir hann að fara varlega. Hann fór eigi aðalleið, þar sem lýsing var, heldur um sund, þar sem hann

sá eigi til vegarins, og hnaut þá um plankann og hlaut meiðsli af.

Tálmar, slíkir sem þessi planki, eru algengir á umferðarleiðum gangandi fólks hér á landi, og átti plankinn eigi að vera hættulegur þeim, sem gætilega fór. Má sá, sem leið sína leggur um dimmt húsasund, vera við því búinn, að leiðin kunni að vera nokkuð ógreið, og ber honum að haga sér samkvæmt því. Verður að telja, að aðaláfrýjandi hafi farið ógætilega, eins og aðstæður voru, og slysið stafi af því og óhappatilviljun. Er því eigi efni til að dæma skaðabætur vegna þess úr hendi gagnáfrýjanda.

Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Þorsteins Ásgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. f. m., hefur Þorsteinn Ásgeirsson málari, Bogahlíð 24 hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 4. júní 1958, gegn fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 56.997,20, ásamt 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1957 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur í greinargerð krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans. Við munnlegan flutning málsins gerði hann þá varakröfu, að stefnukrafan yrði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 14. nóvember 1957 um kl. 17,00 varð stefnandi fyrir því slysi á Keflavíkurflugvelli, að hann hrasaði um staur, sem komið hafði verið fyrir í húsasundi, þar sem hann átti leið um. Féll stefnandi við þetta fram yfir sig og kom svo illa niður í fallinu, að hann fór úr hægri axlarlið.

Stefnandi var á þessum tíma starfsmaður varnarliðsins og var

á leið til mötuneytis starfsmanna þess, er slysið varð. Svo hagaði til þarna, að mötuneytið var í einlyftri timburbyggingu, og var inngangur í bygginguna um tvennar dyr á gaflí hennar. Virðist hús þetta hafa verið mjög langt, og lá akbraut meðfram hvorri hlið þess, og var hægt að komast að inngöngudyrum þess eftir hvorri þeirra, sem var. Mun önnur akbrautin hafa verið notuð mun meira en hin af þeim, sem leið áttu í mötuneytið. Í umrætt sinn hafði stefnanda ásamt fleiri starfsmönnum verið ekið í herflutningabifreið að mötuneytinu, svo sem venja mun hafa verið, og var ekið þá leiðina, sem sjaldnar var farin. Á þeirri hlið matskálans, sem að þessari leið vissi, var útbygging og skammt frá henni annað hús, þannig að sund var á milli, um 3—4 m á breidd. Var stefnandi staddur í því sundi, er hann féll, en staur sá, er hann hrasaði um, hafði verið lagður á jörðina um þvertundið til að hindra, að bifreiðum væri ekið þarna um. Af þeim sökum var bifreið þeirri, er flutti stefnanda, ekki ekið alveg að fordyri hússins, heldur stöðvuð í um 10 m fjarlægð frá því, en þar stigu farþegarnir úr henni og gengu spölinn þaðan að fordyrinu.

Stefnandi skýrir svo frá, að ávallt hafi verið gengið eftir umræddu húsasundi, þegar þessi bakleið, sem hann nefnir svo, var farin að mötuneytinu. Kveðst hann ekki áður hafa orðið var slíkrar hindrunar í sundinu. Aftur á móti hafi staurar legið framan við fordyri mötuneytisins, að því er virðist, til að mynda bifreiðastæði, en þeir hafi allir verið gulmálaðir og vel sýnilegir vegfarendum, enda raflýsing jafnan góð þeim megin hússins. Staur þann, er hér ræðir um, kveður stefnandi hafa verið ómálaðan og samlitán jarðveginum. Það hafi torveldað athygli manna að staurnum, að raflýsing var engin í sundinu, þar sem ljós hafi ekki verið á ljósaperu, sem komið var fyrir yfir anddyri matskálans.

Tvö vitni hafa gefið vottorð í málinu. Höfðu þau verið í bifreiðinni með stefnanda og voru eins og hann á leið frá bifreiðinni að matskálánunum, er slysið varð. Eru vottorð þeirra samhljóða skýrslu stefnanda um aðstæður í húsasundinu. Vitni þessi fóru á undan stefnanda og urðu ekki sjónarvottar að slysinu.

Lögð hefur verið fram í málinu *Tilkynning um slys*, skráð á eyðublað frá Tryggingastofnun ríkisins og undirrituð af A. C. Waterman, jr., supervisor. Segir í henni á þessa leið um atvik að slysinu:

„While entering mess facility for evening meal man fell over a log provided for parking in front of Mess Hall. Insufficient light

for the man to see.“ — Stefnandi reisir kröfu sína í málinu á því, að atvinnuveitandi hans hafi átt sök á slysinu vegna umgetins farartálma, sem vegfarendur hafi á engan hátt verið varaðir við.

Stefndi vefengir ekki aðild sína að málinu né heldur fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins að því leyti, sem talið yrði, að við atvinnuveitanda hans sé um það að sakast. Sýknukröfu sína reisir hann aftur á móti á því, að atvinnuveitandi stefnanda hafi enga sök átt á slysinu. Það er ekki vefengt, að slysið hafi orðið með þeim hætti, sem stefnandi lýsir, en á það er bent, að fram undan fordyri matskálans hafi verið alveg autt svæði, þar sem ætlað var til, að fótgangandi menn færu um. Um þetta hafi stefnandi ekki hirt, heldur gengið inn á bifreiðastæðið, þar sem hann vissi eða mátti vita, að nokkrar hindranir mundu vera. Er sérstaklega bent á það í þessu sambandi, að stefnandi hafi verið búinn að koma oft í matskálann og því verið þaulkunnugur á þessum slóðum. Svo sé að sjá, að orsök slyssins hafi verið eingöngu ógætni stefnanda sjálfs og óhappatilviljun, en það hvort tveggja sé á ábyrgð stefnanda sjálfs.

Það kemur ekki fram í gögnum málsins, hversu fyrirferðarmikill umræddur staur var. Skortir og á, að atvik málsins að öðru leyti liggi eins ljóst fyrir og skyldi. Verður það, sem á vantar í því efni, að koma stefnda í óhag, þar sem atvinnuveitandi stefnanda hlutaðist ekki til um rannsókn á slysinu, svo sem boðið er í 26. gr. laga nr. 23/1952. Með þetta í huga og þau atriði, sem fram eru komin í málinu um atvik að slysinu, verður að líta svo á, að umræddur staur hafi verið hættulegur farartálmi, með því að honum var komið fyrir óauðkenndum í gangveginn um óupp lýst húsasund, þar sem vænta mátti umgangs þeirra, sem leið áttu að eða frá mötuneytinu. Bar atvinnuveitanda stefnanda, sem virðist hafa haft öll forráð á þessum slóðum, að sjá til þess, að hindrun þessari væri rutt úr vegi eða hún nægilega auðkennd. Vegna vanrækslu hans í því efni verður að leggja á stefnda, sem hér kemur í stað atvinnuveitandans, nokkra fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Stefnandi fór að húsabaki í umrætt sinn, þar sem skuggsýnt var og því þörf sérstakrar varúðar. Þykir sýnt, að á hafi skort í því efni af hans hálfu, og verður hann því að bera hluta af tjóni sínu sjálfur.

Eftir atvikum þykir rétt að skipta svo tjóni stefnanda af völdum slyssins, að stefndi bæti honum $\frac{2}{3}$ hluta þess, en sjálfur beri hann $\frac{1}{3}$ hluta þess.

Stefnandi sundurliðar þannig fjárhæð kröfu sinnar:

1. Kaup í 7 mánuði frá 22. nóv. 1957	kr. 46.900,00
2. Þjáningar	— 15.000,00
	Kr. 61.900,00
÷ Dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins	— 4.902,80
	Kr. 56.997,20

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í sjúkrahús Keflavíkur, þar sem hann lá í 8 daga. Um læknismeðferð þá, er hann hlaut þar, liggja ekki fyrir gögn í málinu. Um 2 mánuðum eftir slysið fór stefnandi upp á Akranes, þar sem hann var stundaður af Hallgrími Björnssyni lækni. Í vottorði hans, dags. 1. febrúar 1958, segir, að stefnandi sé þá enn algerlega óvinnufær vegna meiðslanna, er hann hlaut við slysið, en eins og áður var greint, voru meiðslin liðhlaup í hægra axlarlið. Segir í vottorðinu, að stefnandi hafi verið í physiotherapi á Akranesi um 2 vikna skeið, en eigi þá enn mjög langt í land um bata. Megi sennilega gera ráð fyrir 2 mánaða meðferð.

Í vottorði sama læknis, dags. 20. marz 1958, segir, að frá því fyrra vottorð var gefið, hafi stefnandi verið nokkuð í physiotherapi, en árangur sjáist þá enn enginn. Hann sé enn jafnstirður í axlarliðnum og hann var, er fyrra vottorð var gefið, og vöðvar hafi haldið áfram að rýrna, svo að horfur séu á því, að hann nái aldrei fullum bata, heldur verði um talsvert mikla varanlega örorku að ræða. Þá er þess getið í vottorðinu, að stefnandi sé enn alls ófær til að hefja aftur sitt fyrra starf.

Í vottorði Hallgríms læknis Björnssonar, dags. 10. júní 1958, er þess getið, að stefnandi sé enn óvinnufær. Stirðleikinn í öxlinni virðist hinn sami og máttur handleggsins hafi ekkert aukizt.

Hinn 6. október 1958 skýrir stefnandi svo frá fyrir dómi, að hægri handleggurinn sé þá enn stirður. Geti hann ekki lyft handleggnum hærra en rétt upp fyrir axlarhæð og eigi enn fremur bágt með að teygja hann aftur fyrir bak. Þá kveður hann nokkur brögð að því, að gigt setjist í handlegginn.

Stefnandi kveðst vera fæddur 9. janúar 1888. Hefur hann því verið 69 ára gamall, er hann varð fyrir slysi því, sem málið fjallar um. Stefnandi er einhleypur og hefur dvalizt langdvölum vestan hafs, en kom til Íslands 25. marz 1956 til þess að hitta ættingja sína hér. Ílentist hann hér og hóf vinnu hjá varnarliðinu á Kefla-

víkurvelli hinn 1. júlí 1957 sem málari. Stefnandi kveðst ekki hafa reynt mikið til að verða sér úti um aðra vinnu en hann gegndi, er hann slasaðist, enda frekar ókunnugur hér á landi. Hann kveður verkstjóra þann, er hann vann hjá á vegum varnarliðsins, hafa boðizt til að taka sig aftur í vinnu, er hann hefði náð sér, en eigi hafi hann treyst sér til að taka því boði vegna meiðslanna.

Eins og fram kemur í sundurliðun stefnukröfunnar hér að framan, krefst stefnandi undir þessum lið 7 mánaða kaups og miðar atvinnutjónið við 22. nóvember 1957, þar sem fyrstu vikuna eftir slysið fékk hann greitt kaup frá atvinnuveitanda sínum. Hefur stefnandi lagt fram launamiða, er sýnir, að kaup hans tvær vikur í ágúst 1957 hefur numið kr. 3.029,05, en kaup sitt kveður hann venjulega hafa numið kr. 1.500,00 á viku.

Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi hafi verið óvinnufær í 7 mánuði eftir slysið. Hefur hann í því sambandi skorað á stefnanda að láta rannsaka sig nákvæmlega og meta örorku sína af völdum slyssins. Hefur stefnandi ekki sinnt þeirri áskorun. Þá hefur stefndi eindregið mótmælt því, að stefnandi hafi haft 1.500,00 króna laun á viku. Hefur stefndi lagt fram þeim mótmælum til stuðnings greinargerð á ensku um starfskjör stefnanda, þau er hann naut, meðan hann starfaði á vegum varnarliðsins. Segir þar um kaup stefnanda: „Regular weekly salary, incl., for 48 hrs.: kr. 1.104,96.“ Að lokum vekur stefndi athygli á því, að stefnandi hafi, er slysið varð, án efa verið lítt fær orðinn til almennrar vinnu vegna aldurs.

Þegar virt er það, sem fram er komið í málinu um hagi stefnanda, og afleiðingar meiðsla þeirra, er hann hlaut, þá þykir rétt að meta tjón hans samkvæmt þessum lið kr. 30.000,00. Er þá haft í huga, að hann fékk greitt einnar viku kaup eftir slysið, og jafnframt er þá dregin frá greiðsla sú, er hann fékk frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 4.902,80.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Eftir atvikum þykir rétt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 6.000,00.

Tjón stefnanda af völdum slyssins telst þá nema alls kr. 36.000,00 (kr. 30.000,00 + kr. 6.000,00). Af þeirri fjárhæð verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda $\frac{2}{3}$ hluta eða kr. 24.000,00 ásamt vöxtum eins og krafizt er og málskostnaði, sem ákveðst kr. 3.000,00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þorsteini Ásgeirssyni, kr. 24.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1957 til greiðsludags og kr. 3.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1959.

Nr. 62/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Hilmari Ágústssyni (Páll S. Pálsson hrl.)

og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Skaðabótamál út af brottvikningu úr opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1959. Krefst hann *aðallega* sýknu sér til handa, en *til vara* lækkunar á fjárkröfum gagnáfrýjanda og að vextir verði aðeins dæmdir frá stefnudegi 19. júní 1958. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi og áfrýjað málinu með stefnu 14. september 1959. Krefst hann *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 124.865,50 með 6% ársvöxtum frá 30. marz 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, en *til vara*, að hér-